

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir fyrri málsgr. 2. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin sér hverjum þeim þingmanni, sem búsettur er utan Reykjavíkur, fyrir leigulausum bústað á meðan á þingi stendur, enda hafi hann borið fram ósk um það með hæfilegum fyrirvara. Þeir utanbæjarþingmenn, sem sjálfir sjá sér fyrir húsnæði, skulu fá húsaleigustyrk eftir mati þingfararkaupsnefndar. Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað og að verja nægilegu fé úr rikissjóði til þess. Rekstrarkostnaður þingmannabústaðar telst með alþingiskostnaði. Til bráðabirgða er og ríkisstjórninni heimilt að leigja húsnæði til þessara nota.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Þórðarson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 19. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi.

Nú er verðmætt skóglendi í hersýnilegri hættu af gróðureyðingu, sem ekki verður stöðvuð nema með fullri friðun skóglendisins, en friðunin svo kostnaðarsöm, að eigendur og notendur landsins treystast eigi til þess samkv. þeim skilyrðum um framlag, sem sett eru í 19. gr., og er ráðherra þá heimilt, að fengnum tilögum skógræktarstjóra, að kosta slíka girðingu að öllu leyti, gegn því, að eigendur og nothafar ábyrgist viðhald girðingarinnar og friðun landsins fyrir ágangi. Gera skal um það samning, sbr. 19. gr., enda taka ákvæði síðustu málsgr. þeirrar greinar einnig til þess skóglendis.

Verði eigandi eða nothafi sannur að sök um endurtekna vanrækslu, getur ríkið tekið hið girta skóglendi til fullrar umsjár í allt að 20 ár á kostnað eiganda.